

Ed. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., hljóði þannig:

Ríkisstjórnin skipar 4 manna stjórn innflutningsskrifstofunnar til að annast þau störf, sem skrifstofunni eru falin með lögum þessum. Stjórn skrifstofunnar ræður starfsfólk hennar, en tala starfsfólks og kostnaðaráætlun skal háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 28. sept. s. l., og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður visast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 88 1953, um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., á þann veg, að stjórn innflutningsskrifstofunnar verði skipuð fjórum mönnum í stað tveggja áður.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., hljóði þannig:

Ríkisstjórnin skipar 4 manna stjórn innflutningsskrifstofunnar til að annast þau störf, sem skrifstofunni eru falin með lögum þessum. Stjórn skrifstofunnar ræður starfsfólk hennar, en tala starfsfólks og kostnaðaráætlun skal háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ásgeir Ásgeirsson.

Gjört í Reykjavík, 28. september 1956.

Lúðvík Jósefsson.